

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN SÍMEY

við heimsfaraldri
sjúkdóma s.s. Covid 19.

2. útgáfa – 7.10.2020

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Virkjun viðbragsáætlunar	4
3. Áhættumat	5
4. Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu	6
5. Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi	7
6. Gátlisti	13
7. Hlekkir	17

1. Inngangur

Þessi áætlun á að þjóna þeim tilgangi að vera starfsmönnum SÍMEY til stuðnings um það hvernig takast eigi á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um viðbrögð í kjölfar heimsútbreiðslu inflúensu og inflúensulíkra sjúkdóma s.s. Covid 19.

Áætlunin miðast við að starfsemi gæti skertst og að hluti starfsfólks verði fjarri vegna veikinda eða í sóttkví í ákveðinn tíma. Markmið áætlunarinnar eru að stuðla að öryggi starfsmanna og órofum rekstri SÍMEY í faraldri.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Notast var við fyrirmynd af viðbragðsáætlana annara fræðslumiðstöðva og sniðmát að viðbragðsáætlun fyrir stjórnarráðið sem gert var í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur framkvæmdastjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum framkvæmdastjóra SÍMEY og skal hún endurskoðuð reglulega, en yfirfarin reglulega. Ef miklar breytingar verða á starfsemi SÍMEY skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Á vef embættis landlæknis má finna leiðbeiningar til starfsmanna um einkenni og leiðir til að draga úr hættu á smiti.

Áætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum og er vistuð starfsmannavef á TEAMS. Áætlun þessi tekur þegar gildi.

2. Virkjun viðbragsáætlunar og viðbragðsteymi

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnastig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Framkvæmdastjóri SÍMEY að höfðu samráði við starfsmenn ber ábyrgð að virkja viðbragðsáætlunina. Stjórn SÍMEY, hagsmunaaðilar/stofnaðilar og viðskiptavinir skulu einnig upplýst um það.

Framkvæmdastjóri í samstarfi við starfsmenn gæti þess að SÍMEY búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlækniseimbættinu um stig faraldursins. Hann annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað m.a. er varðar sóttreinsibúnað og umgengisreglna. Framkvæmdastjóri sér um samskipti við starfsfólk vegna veikinda og fjarveru og ber þeim að upplýsa framkvæmdastjóra um veikindi.

Framkvæmdastjóri skal upplýsa starfsfólk um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni.

Framkvæmdastjóri getur lokað vinnustaðnum í sólarhring á meðan verið er að meta reglugerð eða beðið er upplýsinga frá yfirvöldum um skólastarf.

Starfsmenn leysa hvor annan af eftir frekara skipulagi og þörf.

Stöðufundir um þær aðstæður sem uppi eru skulu teknir 1-2 í viku í TEAMS. Á með neyðarsig ríkir.

Ætíð skal fylgja leiðbeiningum og úrskurði Menntamálaráðuneytis og Heilbrigðisráðuneytis.

Ef starfsfólk verður vart við misvísandi leiðbeiningar milli embættis landlæknis og viðbragðsáætlunar skal ávallt fylgja leiðbeiningum landlæknis.

3. Áhættumat

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum heimsfaraldurs þar sem tillit er tekið til afleiðinga. Ef veiran heldur áfram útbreiðslu hér á landi er líklegt að fjarvistir frá vinnu verði nokkrar. Mögulega má búast við að veikindi verði meira langvarandi en í árlegum Inflúensufaraldri.

Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- Smits af völdum kórónaveiru.
- Annarra veikinda.
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla.
- Beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér.
- Beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann.
- Raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks.
- Ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Ekki er hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða í framhaldinu. Það veltur m.a. á því um hversu dreifða farsótt er að ræða, hvernig starfsfólk metur hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

4. Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu

Öllum starfsmönnum er skylt að láta yfirmann vita ef að:

- Viðkomandi hefur ferðast til eða gegnum lönd, landsvæði borgir sem eru á skilgreindum svæðum með smithættu samkvæmt vef Landlæknis, [sjá hér](#).
- Hafa komið í snertingu eða návígið við einstakling sem er með eða grunaður um að vera með Covid-19 vírusinn. Eða einstakling sem er í sóttkví eða einangrun.
- Hefur á síðustu 14 dögum haft einkenni hósta, hita eða öndunarerfiðleika.
- Sé starfsmaðurinn, sem er að koma erlendis frá, alveg einkennalaus og hefur fylgt reglum um sóttkví þá ætti hann einfaldlega að sinna sínu lífi líkt og fyrr, mæta í vinnu o.þ.h. en gæta mjög vel að almennu hreinlæti, handþvotti, sprittun o.þ.h. og forðast handabönd og aðra líkamssnertingu.
- Ef starfsmaður finnur fyrir einhverjum flensulíkum einkennum: hita, hósta og beinverkjum, þá skal hann hringja í 1700 og fá ráðleggingar frá heilbrigðisstarfsmanni. Starfsmaður skal fara strax heim og vera í sambandi við yfirmann sem metur stöðuna með viðkomandi m.t.t. vinnu.
- Við viljum forðast í lengstu lög að allur vinnustaður okkar lendi í sóttkví.

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar skal upplýsa yfirmann. Starfsmaður bregst við á eftirfarandi hátt:

- Ef grunur vaknar, Hringið í 1700 og/eða hringið í vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð s. 543-1000 eða hafið samband við SVL í síma 510-1933.
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands 432-4600
- Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkraflutningi.
- Vakthafandi læknir/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni, vaktsími sóttvarnalækni er 510-1933 og einnig vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð 543-1000.

5. Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi

Framkvæmdastjóri í samstarfi við starfsmenn skal hafa umsjón með að vakta hver tilmæli almannavarna og sóttvarnalæknis eru, eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð, t.d. á vefsíðum eins og www.landlaeknir.is og www.almannavarnir.is.

Verkefnastjórar og þjónustufulltrúar skulu sjá um að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til þátttakenda, leiðbeinenda og annara.

Mikilvægar leiðbeiningar og reglur fyrir starfsfólk sem kunna að breytast frá degi til dags verða sendar starfsmönnum jafnóðum með tölvupósti. Einnig uppfærðar á heimasíðu SÍMEY og samfélagsmiðlum. Einnig verða þær hengdar upp í kaffistofu og sameiginlegum rýmum þar sem því er við komið og nauðsyn getur talist.

Starfsmenn láta vita af veikindum, fjarvinnu og stöðu sinni í samskiptum við yfirmann og inni á starfsmannavef TEAMS.

Ráðstafanir til að fækka smitleiðum

Hægt er að fækka smitleiðum innan SÍMEY með því að :

- Fækka staðbundnum fundahöldum tímabundið.
- Nýta fjarfundabúnað fyrir fundi í auknum mæli.
- Breyta framkvæmd ræstinga þannig að aukin áhersla verði lögð á að strjúka af hurðahúnum, slökkvurum, sínum, lyklaborðum, borðum og stólörmum. Snertiflötum.
 - **Sértækar aðgerðir:**
 - **-Fylgst er með fjölda (álagsskjal/fjöldatölur)**
 - **- Litakóðun frímínútur (heill, hálfur, stundarfjórðungur)**
 - **-Fjarnám aukið**
 - **-Hólfaskipting vinnustaðar (sóttvarnarsvæðisvæði 1-4). Kaffisvæði og þír inngangar**
 - **Grímur aðgengilegar og jafnveld skyldaðar**

Vegna funda og annarra viðburða á vegum SÍMEY

Þótt ekki sé samkomubann í gildi er mikilvægt fyrir skipuleggjendur funda að kanna alltaf kosti þess að hafa fjarfund og velja ætti það fundaform ef ekki er nauðsynlegt að hittast . Ef fjarfundur er ekki valkostur af einhverjum ástæðum þarf að gæta vel að smitvörnum á viðburðum. Nauðsynlegt er að gestir hafi greiðan aðgang að heitu vatni og sápu, handspritti, andlitsgrímum og einnota þurrkum. Einnig er brýnt að skipuleggjendur taki mið af þeim hópi sem mun sækja viðburðinn. Vitað er að eldri borgarar og þeir sem glíma við undirliggjandi sjúkdóma eru í mestri hættu með að fá

alvarleg einkenni COVID-19. Skipuleggjendur verða jafnframt að brýna fyrir þátttakendum að þeir sem eiga að vera í sóttkví eftir að hafa orðið útsettir fyrir smit eiga ekki að mæta á viðburðinn.

Ef grunur leikur á að ekki verði hægt að tryggja öryggi einstaklinga sem eru í áhættuhópi eða að erfitt verði að tryggja, fjarlægðarmörk, gott aðgengi að hreinlætisaðstöðu, handspritti o.þ.h. er ráðlagt að taka til skoðunar að halda ekki viðburðinn meðan staðan er óviss.

Einnig er mikilvægt að hafa aðgengi að andlitsgrímum sé til staðar og hvatt er til notkunar þeirra.

Vegna húsnæðis/aðstöðu

Gerðar hafa verið ráðstafanir vegna veirunnar í aðstöðu SÍMEY. Upplýsingar um aukið hreinlæti eru vel sýnilegar og á fleiri tungumálum en íslensku. Spritt er aðgengilegt víða um húsin og í öllum kennslustofum, einnig er boðið upp á hanska við innganginn. Góður aðgangur er að handþvotti á salernum hússins. Gerðar hafa verið ráðstafanir varðandi birgðir af spritti, hönskum og grímum. Starfsfólk sem sér um þrif hefur verið beðið um að endurskoða þrifaáætlun sína til að draga úr smithættu. Ávallt er tryggt að halda fjarlægðarmörk samkvæmt reglum hverju sinni.

Vegna starfsfólks og nemenda

- Komi til þess að einn eða fleiri starfsmenn hjá SÍMEY smitist af veirunni eða þurfi að fara í sóttkví verður reynt eftir fremsta megni að halda starfseminni gangandi. Starfsmenn eiga þess kost að geta unnið heiman frá sér, eins og aðstæður og ástand viðkomandi leyfa. Eftir atvikum getur námskeið sem viðkomandi verkefnastjóri kann að stýra verið fellt niður. Skoðuð verða úrræði til að koma í veg fyrir slíkt. Það sama á við um verkefnastjóra, námsráðgjafa, þjónustufulltrúa, bókara og stjórnendur; þeir vinna heiman frá sér í sóttkví.
- Ef kennarar sem starfa sem verktakar hjá SÍMEY eru settir í sóttkví er reynt að gera ráðstafanir með að viðkomandi geti kennt í gegnum fjárkennslubúnað. Ef kennari veikist þá er námskeiði frestað eða eftir atvikum fellt niður.
- Smitrakning fer þá af stað eftir ferlum og leiðbeiningum almanna- og heilbrigðisyfirvalda. Sjá www.covid.is. Leitað verður ráðgjafar heilbrigðisyfirvalda.
- Þurfi nemandi eða hópur nemenda í sóttkví skal reynt að gera honum kleift að halda áfram námi sínu í gegnum fjarkennslubúnað. Sjá að ofan með smitrakningu,
- Sé nemandi eða nemendahópur kvíðinn varðandi framhald náms skulu starfsmenn fara yfir málin með viðkomandi og vera upplýsandi, lausnamiðuð og róandi í viðbrögðum sínum.

- Veikist nemandi og þarf að draga sig úr námi vegna þess er farið eftir ráðleggingum sóttvarnarlæknis um hugsanlegar takmarkanir og umgengni annarra í kjölfarið. Reynt skal eins og hægt er að viðkomandi geti síðar haldið áfram námi eða lokið námi.
- Komi til lokunar húsnæðis (samkomubanns) er farið eftir verklagsreglum SÍMEY varðandi upplýsingagjöf og framhald starfseminnar en henni verður framhaldið að einhverju leyti t.d. í gegnum fjarfundarbúnað. Upplýsingar meðan á samkomubanni stendur eru mikilvægar svo og upplýsingar um með hvaða hætti starfsemin hefst aftur.

Sé lýst yfir neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi SÍMEY

- Stjórn SÍMEY kemur ekki saman á snertifundi þegar neyðarstig er uppi. Starfsmenn skulu ekki funda á snertifundum og takmarka skal eins og mögulegt er samgang á milli starfsstöðva á neyðarstigi.
- Stoðsvið kannar birgðir á hreinlætisvörum eins og sápu, sóttthreinsispritti, andlitsgrímum, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. og pantar inn á lager, ef til þess kæmi að birgjar loka. Eins þarf að skoða hvort þörf er á tíðari þrifum. Þá kannar það stöðu á öðrum rekstrarvörum eins og t.d. pappír og prenthylkjum.
- Í faraldri skal starfsfólk lágmarka fundahöld og funda eingöngu ef nauðsyn krefur. Gildir þetta jafnt um fundi innan sem utan SÍMEY. Notast skal meira við síma og tölvur til samskipta eins og frekast er unnt og fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt eftir því sem við á.
- Starfsfólk SÍMEY fylgir fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur stendur yfir. Hafa verður einnig í huga að flugvellir og landamæri lokast mikið til vegna heimsfaraldurs.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga. Framkvæmdastjóri getur þó gefið út rýmri reglur hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja sem er alvarlega veikt af COVID-19.
- Tryggja þarf að fleiri en einn starfsmaður geti gengið í störf annarra starfsmanna þar sem metin er þörf á því. Starfsfólk getur átt von á að vera færtil til milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í inflúensufaraldri.
- Framkvæmdastjóri getur hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á þjónustu við viðskiptavini til að draga úr smithættu eða til að mæta breyttum aðstæðum innan SÍMEY meðan á inflúensufaraldrinum stendur. Breytt fyrirkomulag getur falist í því að stytta opnunartíma eða að loka afgreiðslu þannig að öll samskipti við viðskiptavini fari fram símleiðis eða með tölvupóst- og bréfasamskiptum. Breytingar á opnunartíma eða fyrirkomulagi á afgreiðslu við viðskiptavini þarf að kynna á fullnægjandi hátt, t.d. með auglýsingum í fjölmiðlum, upplýsingum á heimasíðu og merkingum við inngang t.d. hafi honum verið læst.
- Ef almennt samkomubann er sett á af almannavörnum skal bjóða upp á að starfsmenn sinni vinnu sinni frá heimili sínu þar sem allir í SÍMEY eru með aðgang sem tengir þá við kerfi stofnunarinnar. Starfsmönnum verður þannig heimilt að taka verkefni með sér heim og vinna að þeim heima. Starfsmönnum skal standa til boða að taka skjá, lyklaborð/mús og skrifborðsstól sinn með heim á meðan lokun stendur. Starfsmenn skulu hafa samband og funda daglega í TEAMS. Halda hið minnsta hefðbundnu LEAN skipulagi.

Starfsemi fræðslustofnana þegar neyðarstigi hefur verið lýst yfir

Menntamálaráðuneytið hefur sent frá sér að eftirfarandi áherslur skulu gilda á neyðarstigi:

- Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

Ef til kemur lokun skrifstofa/skóla/kennsluáðstöðu vegna samkomubanns.

- Tilkynna öllum aðilum lokun kennsluáðstöðu eða annarrar aðstöðu á vegum SÍMEY með þeim boðleiðum sem ákveðið hefur verið að nota. Í tilkynningunni þarf að koma fram:
 - Af hverju lokunin á sér stað.
 - Að sambandi verði haldið við aðila fræðslu- og þjónustusamfélags SÍMEY í gegnum ýmsa miðla.
 - Að nánari upplýsingar um afdrif og framahalds náms verði birtar eins fljótt og unnt er.
 - Upplýsingar um hvar aðilar geti fylgst með upplýsingum.
- Setja upp áberandi tilkynningar um lokanir við innganga.
- Tryggja símsvörun sem annar álagi (að ekki verði „overflow“ í kerfinu)
- Funda með starfsmönnum þegar í stað og virkja áætlanir um skólastarfið sem og vinnslu verkefna meðan á lokun stendur.

Viðbrögð við aukinni hættu innan SÍMEY

Eyðing smitefnis

Á kórónaveirur og influensuveirur virkar eftirfarandi:

- hreinsun með vatni og sápu
- hitun í 40°C í 15 mínútur; 80°C í 3 mín; 90°C í 1 mínútu
- spritti (a.m.k. 40% styrk)
- ísóprópanóli (a.m.k. 30% styrk)
- klórlausnum (a.m.k. 200 ppm styrk)
- jöðefnum (a.m.k. 75 ppm styrk)

Sóttvarnaáætlun sem þarf að eiga auk hefðbundinnar sápu:

- bréfpurrkur og e.t.v. fleiri ruslafötur sem eru með loki
- handspritt
- spritt til hreinsunar á yfirborði, svo sem símum og hurðarhúnum
- einnota hanskar fyrir ræstinguna

- Andlitsgrímur í boði SÍMEY

Heilsufarsleg atriði starfsfólks og einkenni

1. Starfsfólk fylgist með eigin heilsu og fer heim ef þeir finna fyrir einkennum. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eftir aðstoð.
2. Starfsfólk á ekki að koma til vinnu ef það verður veikt og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart og í 7 daga frá því að sóttthiti er horfinn.
3. Starfsfólks sem mætir til vinnu veikt, er umsvifalaust sent heim en í almennum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.

6. Gátlisti

Þennan gátlista skulu starfsmenn fá ásamt ítrekun um að grípa til viðeigandi ráðstafana þegar breytingar verða á hættustigi almannavarna. Einnig skal séð til að þetta verði prentað út/fjölritað og hengt upp í skrifstofurými og hafa þar frá virkjun áætlunarinnar til afboðunar.

Framkvæmdastjóri sendir starfsfólki boð um hættustig almannavarna og ítrekar við starfsfólk að fylgja viðeigandi stigi gátlista viðbragðsáætlunar.

Óvissustig

1. Viðbragðsáætlun lesin og uppfærð. Allt starfsfólk upplýst um viðbragðsáætlunina
2. SÍMEY leitar nýjustu upplýsinga um stöðu mála hjá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og hjá sóttvarnalækni.
3. Upplýsingar um starfsmenn SÍMEY og skipulag
4. Skilgreining verkefna og ábyrgðar
5. Framkvæmdastjóri sér um að starfsmenn séu upplýstir um ofangreinda þætti.

Hættustig

1. SÍMEY uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni. Mennta- og heilbrigðisráðneyti.
2. SÍMEY leitast við að stemma stigu við útbreiðslu faraldursins og sendir skilaboð til starfsmanna um aðgát.
3. Innkaup á nauðsynlegum birgðum.
4. Framkvæmd rekstrarlegra þátta skv. kafla 5 undirbúin.
5. Upplýsingum og fræðslu vegna sóttvarna komið til starfsmanna, þátttakenda, verktaka/kennara
6. Sértekur aðgerðir metnar: Fjarnám aukið, Kaffitímastýring (litakóðar), húsnæði hólfaskipt í sóttvarnarsvæði. Aðgreining starfsmanna. Veitingabann. Grímunotkun. Fjarvinna möguleg.
7. Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um aðgerðir í samráði við starfsmenn og þær metnar í ljósi reglugerðar.

Neyðarstig

1. Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni. Mennta- og heilbrigðisráðneyti.
2. Aðgerðum vegna rekstrarlegra þátta samkvæmt kafla 5 hrint í framkvæmd.
3. Aðgerðum vegna sóttvarna samkvæmt kafla 5 hrint í framkvæmd.

4. Sérþækar aðgerðir: **Fjarnám aukið, Kaffitímastýring (litakóðar), húsnæði hólfaskipt í sóttvarnarsvæði. Aðgreining starfsmanna. Veitingabann. Grímunotkun/skylda. Hvatt til fjarvinnu ef kostur er.**
5. Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um aðgerðir í samráði við starfsmenn og þær metnar í ljósi reglugerðar.

7. Upplýsingagjöf og ábyrgð á miðlun

Eftirfarandi hlutverk hafa aðilar í að miðla upplýsingum skv. viðbragðsáætlun þessari:

Hættustig almannavarna	Hagaðili	Ábyrgð á miðlun upplýsinga	Tegund miðlunar
Óvissustig			
Óvissustig	Stjórn Starfsmenn	Framkvæmdastjóri Framkvæmdastjóri	Tölvupóstur og sími Teamsfundir Tölvupóstur
Óvissustig	Þátttakendur Kennarar	Verkefnastjórar Verkefnastjórar	Teamsfundir og tölvupóstur
Hættustig			
Hættustig	Stjórn Starfsmenn	Framkvæmdastjóri Framkvæmdastjóri	Tölvupóstur og sími Teams/tölvupóstur
Hættustig	Þátttakendur Kennarar	Verkefnastjórar Verkefnastjórar	Teamsfundir og tölvupóstur
Neyðarstig			
Neyðarstig - tilkynning	Starfsmenn og stjórn	Framkvæmdastjóri	Tölvupóstur Teamsfundir
Neyðarstig - aðgerðaáætlun	Starfsmenn	Framkvæmdastjóri	Teamsfundir og tölvupóstur
Neyðarstig - aðgerðaáætlun og upplýsingar	Þátttakendur Kennarar	Verkefnastjórar	Tölvupóstur/Teams
Neyðarstig - aðgerðaáætlun	Almenn tilkynning til ytri aðila	Framkvæmdastjóri	Tilkynningar á heimasíðu og samfélagsmiðlum

Neyðarstig - aðgerðaáætlun	Almennir þjónustupegar og hagaðilar verkefna sem eru í vinnslu	Verkefnastjórar viðkomandi verkefna	Tölvupóstur og sími Teams
-------------------------------	--	--	------------------------------

8. Hlekkir

- [Spurt og svarað um skólastarf á neyðarstigi almannavarna](#)
- [Upplýsingar landlæknis og almannavarna vegna þrifa á vinnustöðum vegna COVID-19](#)
- [Upplýsingar um viðbrögð við kórónaveirunni á arabísku, ensku, spænsku, farsí, kúrdísku, pólsku og sorani](#)

[Reglugerð 5.10.](#)

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d7c191c0-7f9b-466c-8354-ab06a6b959b6>

www.covid.is